



Fundur í sveitarstjórn

89. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 4. október 2018. Fundur var settur kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Siggeir Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 308. fundar Eyþings, dags. 12. september 2018
- 2) Fundargerð 309. fundar Eyþings, dags. 21. september 2018
- 3) Fundargerð 36. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar 2. október 2018
 - a) Liður 1. Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar
 - b) Liður 2. Efnisvinnsla á Sauðanesi – beiðni um framkvæmdleyfi
 - c) Liður 3. Deiliskipulagstillögur fyrir Þórshöfn – tillaga um íbúafund
 - d) Liður 4b. Önnur mál
- 4) Fundargerð 3. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag (HSAM) 21. september 2018
- 5) Tryggingamál Langanesbyggðar
- 6) Innsent erindi frá Lyngholti ehf.
- 7) Endurbætur á stjórnþúnaði sundlaugar í Veri
- 8) Langanesvegur 2
- 9) Samþykktir Langanesbyggðar – fyrri umræða
- 10) Tilraunverkefni Íbúðalánssjóðs
- 11) Frá U-lista: Skólamáltíðir í Grunnskóla Þórshafnar
- 12) Frá U-lista: Aðild minnihluta að starfshópi um Finnaþjörðu
- 13) Frá U-lista: Frárennismál
- 14) Skýrsla sveitarstjóra



Fundargerð

1. Fundargerð 308. fundar Eypings, dags. 12. september 2018

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 309. fundar Eypings, dags. 21. september 2018

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 36. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar 2. október 2018

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og felur atvinnu- og ferðamálanefnd mótun stefnu í atvinnumálum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða

Liður 2. Efnisvinnsla á Sauðanesi – beiðni um framkvæmdaleyfi

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að ganga frá framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3. Deiliskipulagstillögur fyrir Þórshöfn – tillaga um íbúafund

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að undirbúa og boða til íbúafundar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4b. Önnur mál

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að hefja undirbúning að mótun umhverfismarkmiða fyrir sveitarfélagið skv. starfsskilyrðum fyrir urðun sorps á Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð 3. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag (HSAM) 21. september 2018

Fundargerði lögð fram.

Oddviti kvaddi sér hljóðs og fagnaði því að Sigríður Friðný Halldórsdóttir hefði tekið að sér að leiða vinnu hópsins ásamt og að þakka henni fyrir að hafa tekið verkefnið að sér.



5. Tryggingamál Langanesbyggðar

Oddviti lagði fram svo fellda bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar harmar og mótmælir þeirri ákvörðun VÍS að loka meira en helmingi starfsstöðva félagsins á landsbyggðinni. Sveitarstjórn telur það eitt meginmarkmið ljósleiðaravæðingar landsins að gera fólki kleift að stunda vinnu sína hvar á landi sem er. Þrátt fyrir þá mikilvægu breytingu sem í ljósleiðaravæðingu landsbyggðarinnar felst þá virðist hjá stjórnendum sumra stórfyrirtækja þess misskilnings gæta að best sé að safna sem flestu starfsfólki undir eitt þak og þá helst á dýrasta stað, í höfuðborg landsins, frekar en að gera fólki alls staðar að af landinu kleift að sinna viðkomandi störfum. Sveitarstjórn áréttar að hvergi hefur komið fram að hin nýja framtíðarsýn fyrirtækisins um að verða stafrænt þjónustufyrirtæki muni leið til bættra kjara viðskiptavina þess.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma bókun sveitarstjórnar á framfæri við forsvarsmenn VÍS og skoða möguleika sveitarfélagsins á að segja upp samningi þess við félagið.

Samþykkt samhljóða.

6. Innsent erindi frá Lyngholti ehf.

Fram er lögð fyrirspurn frá Karen Rut Konráðsdóttur f.h. Lyngholts ehf., um möguleika á leigu á mötuneyti í félagsheimilinu Þórsveri.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara með það að markmiði að fá fyllri mynd af hugmyndum fyrirtækisins.

Samþykkt samhljóða.

7. Endurbætur á stjórnbúnaði sundlaugar í Veri

Fram er lagt minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu, dags. 28.09.2018 um stjórnbúnað sundlaugarinnar í íþróttamiðstöðinni Veri.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að taka saman og leggja fram hönnunargögn og samantekt á kostnaði við þær úrbætur á íþróttamiðstöðinni sem hafa verið skoðaðar á undanförunum árum. Einnig er sveitarstjóra falið að boða sveitarstjórn til vinnufundar þegar gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

8. Langanesvegur 2

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra dags. 3.10.2018 með fylgigögnum, um klæðningu hússins að utan.



Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn telur nauðsynlegt að klára húsnæðið að utanverðu og teljur nauðsynlegt að leita ódýrari leiða – en þær áætlanir sem liggja fyrir.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við tillögu sem fram er sett í minnisblaðinu.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Siggeir Stefánsson og Björn Guðmundur Björnsson sátu hjá.

9. Samþykktir Langanesbyggðar – fyrri umræða

Fram eru lagðar nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar til fyrri umræðu. Samþykktirnar sem eru unnar af sveitarstjóra og lögfræðingi eru afurð samtals kjörinna fulltrúa á tveimur vinnufundum, einnig hafa uppfærð drög samþykktanna verið send á aðal- og varamenn í sveitarstjórn eftir hverja yfirferð.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson,

Bókun um afgreiðslu:

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir og vísar þeim til seinni umræðu.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur. Á móti: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Siggeir Stefánsson og Björn Guðmundur Björnsson

10. Tilraunverkefni Íbúðalánssjóðs

Fram er lagt til kynningar bréf sveitarstjóra til Íbúðalánssjóðs, dags. 29. ágúst 2018, með ósk um þátttöku í tilraunverkefni sjóðsins til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.

Samþykkt samhljóða.

11. Frá U-lista: Skólamáltíðir í Grunnskóla Þórshafnar

Til máls tók Sigríður Friðný Halldórsdóttir og lagði fram svohljóðandi tillögu: U-listinn leggur til að mötuneyti Grunnskólans verði gjaldfrjálst frá ársbyrjun 2019. Þetta tryggir að öll börn á skólaaldri fái eina heita máltíð á dag óháð efnahag foreldra og er í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er sýnt að góð næring og betri námsárangur haldast í hendur.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum Þorsteins Ægis Egilssonar, Mirjam Blekkenhorst, Árna Braga Njálssonar og Halldórs Rúnars Stefánssonar. Með tillögunni greiddu: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson.



Halldór Rúnar Stefánsson kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir afstöðu meirihluta: Meirihluti sveitarstjórnar sér sér ekki fært að samþykkja framlagða tillögu U-lista. Meginástæður eru þær að nú þegar hefur sveitarfélagið ráðist í þau verkefni að greiða allan kostnað við námsgögn nemenda, yfir stendur spjaldtölvuvæðing skólans og nýlega tók sveitarfélagið upp frístundastyrki fyrir börn og eldri borgara sem eru mikið framfara skref og ánægjuleg. Einnig stendur sveitarfélagið í miklum framkvæmdum þ.m.t. við nýja væntanlega félagsaðstöðu fyrir aldraða.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

12. Frá U-lista: Aðild minnihluta að starfshópi um Finnaþjóð

Til máls tók Sigríður Friðný Halldórsdóttir og lagði fram ósk um að minnihlutinn fái aðild að samráðsnefnd um Finnaþjóðarverkefnið.

Mirjam Blekkenhorst lagði fram svohljóðandi bókun f.h. meirihluta sveitarstjórnar: Á 60. fundi sveitarstjórnar í febrúar 2017 var núverandi samningur um samstarfs sveitarfélaganna í Finnaþjóðarverkefninu samþykktur. Í þeim samningi, sem undirritaður var 7. mars 2017, kemur fram að sveitarstjórar beggja sveitarfélaga skuli koma fram fyrir hönd sveitarfélaganna hverju sinni. Einnig kemur fram í samningnum að oddvitar beggja sveitarfélaga skuli vinna náið með sveitarstjórum og að saman myndi þessir aðilar, þ.e. sveitarstjórar og oddvitar, sérstakan starfshóp um framkvæmd og framgang verkefnisins. Þessi ákvæði eru hugsuð þannig að gott samband sé til staðar bæði inn í stjórnsýslu og sveitarstjórn. Meirihluti sveitarstjórnar telur að núverandi fyrirkomulag hafi reynst vel og að í samningi sveitarfélaganna sé þess vel gætt að aðgengi kjörinna fulltrúa að upplýsingum sé tryggt.

Til máls tóku: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Mirjam Blekkenhorst, Elías Pétursson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

13. Frá U-lista: Frárennismál

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: U-listinn leggur til að verkfræðistofa verði fengin til þess að gera nákvæma hönnun og kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegrar lagfæringar og uppbygginu á fráveitumálum í Langanesbyggð.

Oddviti gerði fundarhlé kl. 18:45.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:53.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta taka saman heildstætt yfirlit um ástand frárennismála í sveitarfélaginu byggt á áður unnum úttektum og í framhaldinu láta vinna kostnaðarmat og mögulega áfangaskiptingu.



Samþykkt samhljóða.

14. Skýrsla sveitarstjóra

Eftirfarandi eru þau atriði sem hvað helst hafa verið í vinnslu og ekki hafa verið rædd fyrir á fundinum.

Leikskóli. Langt er komið að undirbúa gamla húsið fyrir endurbyggingu. Unnið er að smíði hússins hjá verktaka og reiknað með að reisning hefjist upp úr miðjum mánuði. Búið er að efna til verðkannana vegna einstakra verkþátta og er nú verið að vinna úr þeim.

Endurreisn Bakkafjarðar. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við starfsmann nefndarinnar er varðar upplýsingagjöf.

Finnaffjarðarverkefnið. Sveitarstjóri hefur í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga sent inn umsókn um fjárstyrk vegna verkefnisins á grundvelli framlaga úr stefnumótandi byggðaáætlun. Um er að ræða styrki sem ætlaður eru til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, sbr. aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

Eyþing. Sveitarstjóri og Siggeir Stefánsson sóttu aðalfund Eyþings helgina 21. til 22. september sl. Fundurinn var mjög góður og upplýsandi. Á fundinum var sveitarstjóri kosinn í stjórn samtakanna.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Oddviti og sveitarstjóri sóttu landsþing sem haldið var á Akureyri dagana 26. til 28. september sl. Þingið var fróðlegt og var þar unnin mikil stefnumótunarvinna og margt rætt.

Námskeið fyrir kjörna fulltrúa á Norðurlandi eystra. Þann 19. október nk. verður að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið námskeið fyrir kjörna fulltrúa á Norðurlandi eystra á Akureyri. Vilji sveitarfélagsins er að gera kjörnum fulltrúum sem auðveldast að sækja þetta mikilvæga námskeið og er í skoðun að efna til sameiginlegrar ferðar á námskeiðið og að sveitarfélagið greiði námskeiðsgjöld. Hér með er óskað eftir því að kjörnir fulltrúar gefi sig fram varðandi áhuga á að sækja námskeiðið svo hægt sé að hefja undirbúning.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:12.